

Hafnarfirði, 18. október 2020

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Þetta verður stutt að þessu sinni enda stutt kennsluvika framundan. Við höldum áfram með **allt nám í fjarkennslu samkvæmt stundatöflu og leiðbeiningum á INNU, fyrir utan nám á starfsbraut og í bæjarbrú** (áfangar fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla Hafnarfjarðar). Kennst verður mánudag og þriðjudag en **kennslufrí verður miðvikudaginn 21. október** og þá **vetrarfrí** í beinu framhaldi, dagana 23. og 24. október.

Mig langar til að nota tækifærið og hvetja ykkur áfram. Nú þegar komið er fram yfir miðja önn á þessum skrítnu tímum þá snýst þetta allt saman um **úthald og seiglu**. Þá snýst námið um að **búa sér til rútinu**, þ.e. að vakna á sama tíma, finna sér góðan stað til að læra á, hafa notalegt í kringum sig og skipuleggja sig vel og **klára verkefni dagsins**. Þetta er nefnilega alveg að hafast, eftir vetrarfrí þá eru eingöngu sex vikur eftir af kennslu. Þá taka við námsmatsdagar og svo jólafrí. En fyrst er það vikan framundan, brettum upp ermar og ljúkum henni með stæl á miðvikudaginn – á uppsópsdegi eins og við köllum hann þar sem þið getið nýtt tímann til þess að klára þau verkefni sem út af standa og þannig notið þess að fara í gott vetrarfrí, ykkur til hvíldar og endurnæringar.

Klárur þetta saman – við erum Flensborg!

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400